

25. apríl 2007

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. („Straumur-Burðarás“)
Afkoma fyrstu þrjá mánuði ársins 2007

**VEL HEPPNUÐ FÆRSLA YFIR Í EVRU
ÁRANGUR Í SAMRÆMI VIÐ STEFNU
ÁFRAMHALDANDI VÖXTUR ÞÓKNUNARTEKNA**

Friðrik Jóhannsson, forstjóri:

„Það er okkur mikið gleðiefni að kynna nú í fyrsta sinn afkomu okkar í evrum, sem er mikilvægt skref í átt að því marki að gera Straumur-Burðarás að alþjóðlegum fjárfestingabanka. Færslan yfir í evru hefur gengið að óskum. Við höldum áfram að auka þóknunartekjur og árangurinn fyrstu þrjá mánuði ársins er í samræmi við stefnu bankans og markmið; stöðugir tekjustraumar og aukin fjölbreytni í starfsemi bankans. Straumur-Burðarás er nú með starfsemi í fjórum löndum. Hafinn er undirbúningur að opnun útibús í Stokkhólmi í Svíþjóð. Lykilstarfsfólk hefur þegar verið ráðið þar og hefur störf á næstu mánuðum. Við ætlum okkur að vaxa af krafti á þessu ári; á Norðurlöndum, Bretlandseyjum og þar sem vænleg tækifæri bjóðast í Evrópu.“

Uppgjör í samræmi við markmið

- Hagnaður eftir skatta á fyrsta ársfjórðungi árið 2007 er 69,16 milljónir evra en var 217,51 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi árið 2006 en þá seldi bankinn um 21,05% hlut sinn í Glitni, þá Íslandsbanka.
- Hreinar rekstrartekjur á fyrsta ársfjórðungi námu 92,52 milljónum evra, en voru 276,02 milljónir evra á sama tímabili árið 2006.
- Arðsemi eigin fjár var 4,6% á fyrstu þremur mánuðum ársins sem jafngildir 19,9% arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli. Þessi niðurstaða er í samræmi við áætlanir bankans.
- Hlutfall rekstrarkostnaðar af tekjum nam 13,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 en var 8,0% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2006. Bankinn mun áfram fjárfesta í uppbyggingu á helstu mörkuðum sínum.

Vöxtur þóknunartekna heldur áfram

- Hreinar þóknunartekjur námu 30,29 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 samanborið við 26,98 milljónir evra á sama tímabili 2006, sem er um 12% hækkun frá fyrra ári.
- Hreinar vaxtatekjur bankans voru 11,16 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007, en voru 5,53 milljónir evra á sama tímabili 2006.

Sterkur efnahagur

- Heildareignir bankans námu 5.191,56 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs 2007 en voru 4.357,76 milljónir evra í lok árs 2006 og hafa því vaxið um 19% frá áramótum.
- Eiginfjárhlutfall á CAD-grunni var 32,8%, þar af A-hluti 30,3%. Til samanburðar var CAD-hlutfall um áramót 37,59%, þar af var A-hluti 35,2%. Þetta sýnir aukna nýtingu á efnahagsreikningi bankans til frekari vaxtar.
- Eigið fé nam 102,18 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs, að frádregnum eigin bréfum.

Framkvæmd stefnu skilar sér í uppbyggingu efnahagsreiknings

- Lánasafnið óx úr 1.352,07 milljónum evra í upphafi árs 2007 í 1.706,90 milljónir evra í lok fyrsta ársfjórðungs, sem er 26% hækkun á milli ára.
- Hlutfall vaxtaberandi eigna í efnahagsreikningi hækkar um fjögur prósentustig frá árinu 2006, úr 59% í 63%.

Lykiltölur úr rekstri

<i>Púsundir EUR</i>	1. ársfj. 2007	4. ársfj. 2006	3. ársfj. 2006	2. ársfj. 2006	1. ársfj. 2006
Hreinar vaxtatekjur	11,16	6,79	14,34	15,88	5,53
Hreinar þóknunartekjur	30,29	25,55	19,31	12,56	26,98
Arðstekjur	17,13	6,00	0,35	13,85	7,93
Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum	67,55	37,43	13,26	-68,40	172,74
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstur	-10,02	84,40	22,28	11,33	22,82
Tekjur af fjárfestingareignum	0,00	9,26	0,00	0,00	0,00
Hreinn gjaldeyrismunur	-28,72	37,48	-37,57	28,49	39,91
Aðrar rekstrartekjur	5,12	0,00	0,00	0,00	0,10
Hreinar rekstrartekjur	92,51	206,90	31,97	13,71	276,03
Laun og launatengd gjöld	-4,68	-11,53	-4,49	-3,63	-4,46
Annar rekstrarkostnaður	-7,57	-7,32	-3,50	-4,99	-4,16
Rekstrarkostnaður samtals	-12,25	-18,84	-7,99	-8,62	-8,62
Virðisrýmnum lána og krafna	-2,86	-3,37	-2,05	-3,37	-3,03
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00
Hagnaður fyrir skatta	77,40	184,68	21,92	1,72	264,38
Tekjuskattur	-8,24	92	-4,26	1,78	-46,87
Hagnaður tímabilsins	69,16	276,73	17,66	3,50	217,51
Hagnaður á hlut	0,01	0,03	0,00	0,00	0,02
Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturféлага	4,27	2,68	0,64	1,01	-0,54

Rekstrarreikningur

Tekjur

Hagnaður bankans eftir skatta fyrstu þrjá mánuði ársins nam 69,15 milljónum evra samanborið við 217,51 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Hreinar rekstrartekjur bankans á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 námu 92,52 milljónum evra en voru 276,02 milljónir evra á sama tímabili á árinu 2006.

Hreinar vaxta- og þóknunartekjur voru 41,45 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðum ársins, en námu 32,51 milljónum evra fyrir sama tímabil árið 2006.

Arðstekjur námu 17,13 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðum ársins en voru 7,93 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Hreinar tekjur af veltufjáreignum og veltufjárskuldum voru 67,55 milljónir evra árið 2007 og 172,74 milljónir evra árið 2006.

Hreinar tekjur af öðrum fjáreignum á gangvirði voru neikvæðar um 10,02 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðum ársins en voru jákvæðar um 22,82 milljónir evra á sama tímabili í fyrra.

Hreinn gjaldeyrismunur var neikvæður um 28,72 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007, en jákvæður um 39,91 milljónir evra á sama tíma í fyrra.

Rekstrargjöld

Rekstrarkostnaður á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 15,12 milljónum evra miðað við 11,65 milljónir evra á fyrstu þremur mánuðum ársins 2006.

Lykiltölur úr efnahag

Púsundir EUR	31.03.07	31.12.06		31.03.07	31.12.06
Lán og kröfur	2.659,28	2.046,24	Lántaka	3.259,44	2.572,77
Veltufjäreignir	1.518,80	1.330,10	Víkjandi lán	110,67	88,69
Aðrar eignir á gangvirði	659,50	658,36	Veltufjárskuldir	91,26	87,69
Hlutdeildarfélög	4,84	0,54	Tekjuskattsskuldbinding	10,95	6,25
Fjárfestingareignir	77,40	67,78	Aðrar skuldir	179,77	108,35
Rekstrarfjármunir	15,12	14,09	Eigið fé	1.539,47	1.494,02
Yfirverð	188,00	186,78			
Aðrar eignir	68,62	53,87			
Eignir samtals	5.191,56	4.357,76	Skuldir og eigið fé samtals	5.191,56	4.357,76

Efnahagsreikningur

Heildareignir Straums-Burðarás Fjárfestingabanka þann 31. mars 2007 voru 5.191,56 milljónir evra en voru 4.357,76 milljónir evra á sama tímabili í fyrra og jukust því um 19%. CAD-hlutfallið var 32,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins, en þar af var A-hluti 30,3%.

Eignir

Lán og kröfur bankans á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 námu 2.659,27 milljónum evra. Þar af námu útlán til viðskiptavina 1.706,90 milljónum evra en þau voru 1.351,27 milljónir evra í lok ársins 2006.

Afskriftareikningur útlána á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 nam 18,87 milljónum evra í samanburði við 15,99 milljónir evra í árslok 2006. Staða afskriftareikningsins jafngildir 1,18% af heildarútlánnum í lok fyrsta ársfjórðungs 2007.

Veltufjäreignir námu 1.518,80 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðum ársins samanborið við 1.330,10 milljónum evra í lok ársins 2006. Hlutabréfaeign bankans sem færð er til veltufjäreigna nam 1.088,52 milljónum evra þann 31. mars 2007 og verðmæti skuldabréfaeignar bankans nam 360,44 milljónum evra. Hluti hlutabréfaeignar myndar mótvægi við afleiðusamninga, en í lok fjórðungsins höfðu viðskiptavinir bankans skuldbundið sig til að selja eða kaupa hlutabréf af bankanum með framvirkum samningum að fjárhæð 69,85 milljónir evra samanborið við 34,14 milljónir evra í lok ársins 2006.

Aðrar fjäreignir á gangvirði námu samtals 659,504 milljónum evra þann 31. mars 2007 en voru 658,355 milljónir evra um síðustu áramót.

Rekstrarfjármunir námu 15,12 milljónum evra í lok fyrsta ársfjórðungs en námu 14,09 milljónum evra á sama tíma í fyrra.

Aðrar eignir voru 68,62 milljónir evra þann 31. mars 2007 en voru 53,87 milljónir evra um síðustu áramót.

Skuldir og eigið fé

Lántökur þann 31. mars 2007 námu 3.259,44 milljónum evra og skiptust þannig að skuldir við lánastofnanir voru 990,44 milljónir evra, miðað við 1.207,34 milljónir evra í lok árs 2006, og önnur lántaka nam 2.269,00 milljónum evra miðað við 1.365,43 milljónir evra í lok árs 2006.

Staða víkjandi lána er 110,67 milljónir evra í lok tímabilsins.

Veltufjárskuldir námu 91,26 milljónum evra á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 en voru 87,69 milljónir evra um áramót.

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding var 10,95 milljónir evra á fyrstu mánuðum ársins 2007 og aðrar skuldir voru 123,63 milljónir evra.

Eigið fé þann 31. mars 2007 nam 1.539,47 milljónum evra en var 1.494,02 milljónir evra í upphafi árs. Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2007 var greiddur arður til hluthafa að fjárhæð 87,79 milljónir evra.

Afkomusvið bankans

Rekstri bankans er skipt í afkomusvið og stoðsvið. Afkomusviðin eru Eigin viðskipti, Fjárstýring, Fyrirtækjasvið, Lánasvið, og Markaðsviðskipti. Stoðsviðin eru Áhættustýring, Lögfræðisvið og Rekstrarsvið.

Við útreikning á hagnaði afkomusviða er rekstrarkostnaður stoðsviða tekinn til greina.

<i>Púsundir EUR</i>	Eigin viðskipti	Markaðs- viðskipti	Fyrirtækja- svið	Lánasvið	Fjárstýring	Önnur starfsemi	Samtals F1 2007
Hreinar vaxtatekjur	-5.54	0.02	-4.55	10.85	10.31	0.06	11.16
Hreinar þóknunartekjur	-0.25	10.02	16.14	5.15	-0.78	-	30.29
Arðstekjur	17.13	-	-	-	-	-	17.13
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	61.76	-	-0.22	-	0.08	-	61.62
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	5.90	-	-	-	0.04	-	5.94
Hreinn gjaldeyrismunur	-24.59	-	-	-	-4.09	-0.04	-28.72
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-9.24	-	-	-0.78	-10.02
Aðrar rekstrartekjur	-	-	5.11	-	-	0.02	5.13
Hreinar rekstrartekjur	54.41	10.04	7.24	16.00	5.57	-0.74	92.52
<i>Rekstrarkostnaður</i>	-1.57	-1.28	-5.45	-3.43	-3.80	3.26	-12.26
Virðisryrnun	-	-	-	-2.86	-	-	-2.86
Hagnaður fyrir skatt	52.84	8.76	1.79	9.70	1.77	2.53	77.40
						Skattur	-8.24
						Hagnaður	69.16

Eigin viðskipti

Eigin viðskipti annast viðskipti bankans í eigin reikning. Viðskiptin eru annars vegar hluti af viðskiptavakt í ákveðnum verðbréfaflokkum og hins vegar eigin stöður í skuldabréfum, skráðum hlutabréfum, gjaldeyri og afleiðum slíkra afurða, á innlendum og erlendum mörkuðum.

Hreinar rekstrartekjur voru 54.41 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi 2007 og hækkuðu um 30,03 milljónir evra á milli ársfjórðunga.

<i>Púsundir EUR</i>	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Hreinar vaxtatekjur	-5,54	-24,85	-13,37	-24,96	-22,30
Hreinar þóknunartekjur	-0,25	0,03	0,11	0,03	0,00
Arðstekjur	17,13	5,85	0,30	13,85	7,94
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	61,76	37,38	32,32	-83,25	170,97
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	5,90	-0,42	-2,14	0,12	0,64
Hreinn gjaldeyrismunur	-24,59	6,40	-37,70	31,29	40,51
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
Hreinar rekstrartekjur	54,41	24,38	-20,49	-62,91	197,76
<i>Rekstrarkostnaður</i>	-1,57	-1,47	-1,35	-0,80	-1,80
Virðisryrnun	-	-	-	-	-
Hagnaður fyrir skatt	52,84	22,91	-21,83	-63,71	195,96

Markaðsviðskipti

Markaðsviðskipti sinna miðlun verðbréfa og hafa umsjón með sölu vegna útboða hlutafjár og skuldabréfa. Svíðið vex nú hratt erlendis og stefnir á að bjóða viðskiptavinum sínum ýmsar nýjungar í þjónustu og vörum. Helstu viðskiptavinir Markaðsviðskipta eru fagfjárfestar, fyrirtæki og verðbréfasjóðir.

Hreinar rekstrartekjur námu 10,04 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi og jukust um 7% á milli ársfjórðunga.

Þúsundir EUR	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Hreinar vaxtatekjur	0,02	-0,01	-0,18	-0,29	-0,13
Hreinar þóknunartekjur	10,02	9,39	5,80	4,61	8,19
Arðstekjur	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-	-	-	-	-
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
Hreinar rekstrartekjur	10,04	9,38	5,62	4,32	8,06
<i>Rekstrarkostnaður</i>	-1,28	-1,25	-0,87	-0,54	-1,05
Virðisrýrnun	-	-	-	-	-
Hagnaður fyrir skatt	8,76	8,13	4,75	3,79	7,01

Fyrirtækjasvið

Fyrirtækjasvið veitir viðskiptavinum bankans ráðgjöf við kaup, sölu og/eða fjármögnun fyrirtækja og fjárfestingafélaga. Þjónustan felur í sér samruna, yfirtöku eða almenna endurskipulagningu þar sem þörf er á útgáfu hlutafjár og/eða lánsfjármögnun.

Hreinar rekstrartekjur voru um 7,24 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi. Hreinar þóknunartekjur námu 16,14 milljónum evra á fjórðungnum. Gengishagnaður nam 9,46 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi.

Þúsundir EUR	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Hreinar vaxtatekjur	-4,55	-4,91	-5,48	-3,02	-2,80
Hreinar þóknunartekjur	16,14	14,11	13,01	7,22	14,92
Arðstekjur	0,00	-	0,06	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	-0,22	83,76	5,54	21,44	25,72
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	-	-	-	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-	-	-	-	-
Tekjur af fjárf.eignum	-9,24	9,26	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	5,11	-	-	-	-
Hreinar rekstrartekjur	7,24	102,21	13,12	25,65	37,84
<i>Rekstrarkostnaður</i>	-5,45	-8,66	-3,47	-2,12	-2,47
Virðisrýrnun	-	-	-	-	-
Hagnaður fyrir skatt	1,79	93,55	9,66	23,53	35,36

Lánasvið

Lánasvið hefur umsjón með lánveitingum til fyrirtækja og fagfjárfesta og býður þeim heildarlausnir allt frá almennum fyrirtækjalánum til brúarlána og lánsfjármögnunar vegna skuldsettra kaupa („senior“-lán og/eða millilagsfjármögnun). Mikil áhersla er lögð á að sniða þjónustuna að þörfum hvers og eins viðskiptavinar.

Hreinar rekstrartekjur lánasviðs námu 16,00 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi 2007 samanborið við 19,45 milljónir evra á síðasta ársfjórðungi. Hreinar vaxtatekjur sviðsins námu 10,85 milljónum evra. Hreinar þóknunartekjur námu 5,15 milljónum evra á síðastliðnum ársfjórðungi.

Þúsundir EUR	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Hreinar vaxtatekjur	10,85	17,02	16,01	14,95	11,00
Hreinar þóknunartekjur	5,15	2,43	0,70	1,03	3,89
Arðstekjur	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	0,00	0,13	-	-	-
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	-	-0,13	-	0,13	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-	-	-	-	-
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
Hreinar rekstrartekjur	16,00	19,45	16,70	16,10	14,89
<i>Rekstrarkostnaður</i>	-3,43	-3,47	-1,82	-1,29	-1,18
Virðisrýrnun	-2,86	3,37	-2,05	-3,37	-3,03
Hagnaður fyrir skatt	9,70	12,61	12,84	11,43	10,67

Fjárstýring

Fjárstýring annast fjármögnun bankans, stýringu á skammtímafjárflæði, vaxtajöfnuði og gjaldeyrisjöfnuði.

Hreinar rekstrartekjur Fjárstýringar námu 5,57 milljónum evra á fyrsta ársfjórðungi.

Þúsundir EUR	1F 2007	4F 2006	3F 2006	2F 2006	1F 2006
Hreinar vaxtatekjur	10,31	19,29	18,39	30,46	20,42
Hreinar þóknunartekjur	-0,78	-	0,05	-	-
Arðstekjur	-	-	-	-	-
Hreinar tekjur af hlutabréfaeign	0	-	-	-	-
Hreinar tekjur af skuldabréfaeign	0	-	-	-	-
Hreinn gjaldeyrismunur	-4,09	30,63	0,84	-2,45	-1,22
Tekjur af fjárf.eignum	-	-	-	-	-
Aðrar rekstrartekjur	-	-	-	-	-
Hreinar rekstrartekjur	5,57	49,92	19,28	28,01	19,20
<i>Rekstrarkostnaður</i>	-3,80	-3,36	-1,81	-1,62	-1,72
Virðisrýrnun	-	-	-	-	-
Hagnaður fyrir skatt	1,77	46,56	17,46	26,39	17,48

Arðsemi og hlutfé

Arðsemi eigin fjár á fyrsta ársfjórðungi 2007 var 4,6%. Arðsemi eigin fjár fyrstu þrjá mánuði ársins jafngildir 19,9% arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli.

Útistandandi hlutfé Straums-Burðarás Fjárfestingabanka þann 31. mars 2007 nam 102,18 milljónum evra.

Hluthafar

Hluthafar þann 31. mars 2007 voru 20.757 en þeir voru 20.666 í árslok 2006. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2007 átti einn hluthafi yfir 10% eignarhlut í bankanum:

Eignarhlutur

Landsbanki Luxembourg S.A.....49,78%*

*Samson Global Holdings á 30,2% þessara bréfa samkvæmt flöggun sem birt var í Kauphöll Íslands 26. október 2006.

Atburðir á 1. ársfjórðungi 2007

1. janúar hófst starfsemi á skrifstofu Straums-Burðarás Fjárfestingabanka í Bretlandi en Breska Fjármálaeftirlitið (FSA) veitti bankanum í ársbyrjun 2007 leyfi til að starfrækja útibú í London. Starfsemin í London verður fyrst í stað sniðin að lánastarfsemi, sérstaklega sambankalánunum, þar sem Straumur-Burðarás mun ýmist vera þátttakandi eða leiðandi. Bankinn er í samstarfi við dótturfélag sitt, Stamford Partners í London um verkefni á fyrirtækjasviði. Ætlunin er að koma allri starfseminni í London undir eitt þak á árinu og efla hana frekar, m.a. uppbyggingu Markaðsviðskipta.

2. mars undirritaði Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. sambankalán að fjárhæð 400 milljónir evra og er lánið með breytilegum vöxtum til eins og þriggja ára. Eins árs hluti útgáfunnar, að fjárhæð 77 milljónir evra, var verðlagður á 35 punktum yfir EURIBOR vöxtum og þriggja ára hlutinn, að fjárhæð 323 milljónir evra var verðlagður á 67,5 punktum yfir EURIBOR vöxtum. Veruleg umframeftirspurn var eftir þátttöku í láninu og var það í kjölfarið hækkað úr 175 milljónum evra í 400 milljónir evra. BayernLB, Commerzbank, Fortis bank og RZB leiddu lánið en alls voru 29 bankar frá 13 löndum sem tóku þátt. Lántakan ber vott um traust lánveitenda til Straums-Burðarás fjárfestingarbanka og trú á langtímastefnu hans.

8. mars samþykkti aðalfundur Straums-Burðarás Fjárfestingabanka hf. að stjórn félagsins verði heimilt að ákveða hlutfé þess í evrum í stað íslenskra króna. Þá voru þrír nýir fulltrúar kosnir í stjórn félagsins; Friðrik Halbjörn Karlsson, Guðmundur Kristjánsson og James Leitner. Í varastjórn voru kosnir Baldur Örn Guðmundsson, Edgar Alden Edmonds, Hreiðar Már Guðjónsson, Jóhann Páll Simonarson og Þórunn Guðmundsdóttir. Björgólfur Thor Björgólfsson var kosinn til áframhaldandi setu sem stjórnarformaður en Birgir Már Ragnarsson tók við sem varaformaður stjórnar.

15. mars staðfesti Fitch Ratings lánshæfiseinkunnir Straums-Burðarás Fjárfestingabanka hf. Langtímaeinkunn BBB-, skammtímaeinkunn F3, óháð einkunn C/D, og stuðningseinkunn 3. Horfur lánshæfiseinkunnanna eru stöðugar.

Horfur á árinu 2007

Áfram verður fjárfest í frekari sókn bankans á alþjóðlegum markaði og er fyrsta uppgjör bankans í evrum mikilvægt skref í átt að alþjóðavæðingu hans. Undirbúningur er hafinn við opnun skrifstofu í Stokkhólmi. Bankinn hefur þegar tryggt ráðningar lykilstarfsfólks sem hefur störf þar síðar á árinu. Öll tekjusvið bankans munu hafa starfsemi í Stokkhólmi í framtíðinni. Sem fyrr verður áhersla lögð á að sækja hæfasta starfsfólk á hverjum markaði til starfa fyrir bankann.

Markmið Straums-Burðarás er að tryggja stöðuga tekjustrauma, sem m.a. er framfylgt með fjölbreytni í starfsemi bankans. Engir einstakir viðskiptaþættir eða landssvæði eiga að skila honum meira en 20% af heildartekjum að þremur árum liðnum. Ætlunin er að opna skrifstofur í fleiri löndum til að ná því markmiði, en áfram verður leitast við að halda kostnaðarhlutfalli lágu.

Arðbær vöxtur er viðvarandi markmið Straums-Burðarás. Norður-Evrópa verður áfram höfuðmarkaður, með sérstakri áherslu á Norðurlöndin og Bretland, en önnur tækifæri metin að verðleikum. Straumur-Burðarás ætlar sér að verða leiðandi norrænn fjárfestingabanki á næstu árum.

Stefnan er að þrefalda fjölda viðskiptavina fyrir árslok 2009, að 20% tekna komi frá nýjum vörum og þjónustu og að arðsemi eigin fjár verði 15% auk grunnvaxta.

Efnahagsreikningur bankans er sterkur og því vel til þess fallinn að styðja við ytri og innri vöxt.

Fimm ára yfirlit

<i>Þúsundir EUR</i>	3 mán 2007	Árið 2006	Árið 2005	Árið 2004	Árið 2003
Heildareignir	5.192	4.358	3.472	1.073	251
Eigið fé í lok tímabils (m.kr.)	1.539	1.494	1.538	383	179
Hlutafé í lok tímabils (m.kr.)	102	100	139	65	45
Eigið fé á hlut	15	15	11	6	4
Hreinar rekstrartekjur	93	490	453	103	48
Rekstrargjöld	-12	-41	-17	-6	-4
Hagnaður fyrir skatta (m.kr.)	77	438	431	96	44
Hagnaður eftir skatta (m.kr.)	69	478	358	80	43
Arðsemi eigin fjár á ársgrunni	19,90%	42,00%	46,50%	34,50%	40,10%
Hagnaður (tap) á hlut (kr.)	1,59	2,41	3,5	1,51	1,17
Arður á hlut	0,0072	0,65	0,65	0,35	0,35
Stöðugildi í lok tímabils	117	109	52	17	12
Hreinar rekstrartekjur/heildareignir	1,8%	11,2%	13,1%	9,6%	13,3%
Rekstrargjöld/heildareignir	0,2%	0,9%	0,5%	0,6%	1,4%
Kostnaður/tekjur	13,2%	8,3%	3,9%	6,1%	7,4%

Endurskoðun

Ársuppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung 2007 hefur verið kannað af KPMG Endurskoðun hf. sem er endurskoðandi bankans.

Starfsmenn

Í lok ársfjórðungsins voru 117 stöðugildi í bankanum.

Upplýsingagjöf

Straumur-Burðarás leggur kapp á tímanlega, trausta, rétta og viðeigandi upplýsingagjöf á markaði, í gegnum fréttaveitu Kauphallar Íslands, á heimasíðu bankans og í fjölmiðlum. Markmið okkar er að tryggja öllum hagsmunaaðilum aðgang að skýrum og nákvæmum upplýsingum um starfsemi og verkefni bankans hverju sinni.

Birting uppgjóra á árinu 2006

1. ársfjórðungur

26. apríl


Birting uppgjörðs fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2007 (2F) er fyrirhuguð 26. júlí nk.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila verður haldinn fimmtudaginn 26. apríl í höfuðstöðvum bankans í Borgartúni 25, 8. hæð, kl. 8.30. Friðrik Jóhannsson forstjóri mun kynna uppgjórið og rekstur bankans árið 2006. Jafnframt mun Jesper Damborg frá Property Group, dönsku dótturfélagi Straums-Burðarás, kynna félagið og framtíðarsyn þess.

Árshlutareikningur og nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Friðrik Jóhannsson forstjóri og Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður Samskiptasviðs (johanna@straumur.net – gsm: 840 9133). Uppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2007 mun liggja frammi á skrifstofu bankans. Einnig mun það verða aðgengilegt, ásamt öðrum upplýsingum um bankann, á vefsíðu bankans, www.straumur.net.



Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími: 580 9100
Netfang: straumur@straumur.net